

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Agnes Helga Martin	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur (Teams)
<i>Fundarstjóri:</i>	Þóra J. Jónasdóttir	<i>Dagsetning:</i>	28. maí 2026
<i>Fundarritari:</i>	Agnes Helga Martin	<i>Fundartími:</i>	12:30 – 14:30

Þátttakendur: Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður fagráðs), Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnun HÍ), Hinrik Ragnar Helgason (f.h. DÍ), Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsamband Íslands, DÍS).
Starfsmaður MAST: Agnes Helga Martin (sérgreinadýralæknir gæludýra og dýra sem notuð eru í vísindaskyni).

Dagskrá

1. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

- a. **Titill umsóknar:** Sannreying og þróun á aðferð til blóðvökvatöku (plasmapheresis) úr íslenskum hrossum.

Tilgangur tilraunar: Þróa og meta nýja aðferð til blóðvökvaskiljunar (plasmapheresis) í íslenskum hrossum. Markmiðið er að þróa og staðfesta öruggari og skilvirkari aðferð til söfnunar blóðvökva úr hrossum sem gæti aukið velferð dýra og bætt nýtingu þeirra í líftæknilegum tilgangi.

Umsókn hefur verið tekin til umfjöllunar áður – umsögn aftur frestað þar sem öllum spurningum hafði ekki verið svarað sem fagráðsmeðlimir höfðu áður spurt um rannsóknina. Starfsmaður Matvælastofnunar miðlar því til umsækjanda og óskar eftir svörum.

- b. **Titill umsóknar:** (e.) Investigating the role of Atg7 isoforms in mammalian diseases.

Tilgangur tilraunar: Rannsóknir á hlutverki Atg7 ísóforma í sjúkdómum spendýra með erfðabreyttum músalíkönum, með það að markmiði að skilja lífeðlisfræðilegt hlutverk þeirra og möguleg klínísk not (t.d. í krabbameini og efnaskiptasjúkdómum).

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

- c. **Titill umsóknar:** (e.) Long-term monitoring of small Arctic charr (*Salvelinus alpinus*) in lava caves found around Lake Mývatn.

Tilgangur tilraunar: Langtímarannsókn á bleikjustofnum í hraunhellum við Mývatn til að meta stofnstærð, lifun, vöxt og þróunarfræðilega þætti í náttúrulegu umhverfi.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn með þeim fyrirvara að öll ákvæði laga og reglugerða sem um slíkar rannsóknir gilda sé framfylgt eins ávallt svo sem að dýralæknir sé á staðnum við deyfingu og svæfingu á fiskunum. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

- d. **Titill umsóknar:** (e.) Polarflu: characterizing the spread and impact of H5 highly pathogenic avian influenza virus in wild birds in Arctic and Antarctic regions.

Tilgangur tilraunar: Sýnataka úr villtum fuglum í tengslum við rannsókn á útbreiðslu, ónæmi og áhrifum H5 HPAI fuglainflúensuveiru á fuglastofna á norðurslóðum og suðurskautssvæðum. Markmiðið er að rannsaka smithlutfall, mótefnasvörun, sjúkdómsbyrði og þróun veirunnar í villtum fuglastofnum. Einnig er markmið að meta mögulega áhættu fyrir dýra- og lýðheilsu.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

- e. **Titill umsóknar:** Mat á lifun laxaseiða (*Salmo salar*) úr Vesturdalsá til sjávar með hjálp hljóðsenda og PIT-merkinga. (e.) Estimating River-to-Sea Survival of Atlantic Salmon (*Salmo salar*) Smolt in Vesturdalsá Using Acoustic Telemetry and PIT-Tag Integration.

Tilgangur tilraunar: Merking laxaseiða með hljóðsendum og PIT-merkjum til að rannsaka lifun, hegðun og farleiðir þeirra á göngu frá Vesturdalsá um ósasvæði og til sjávar. Markmið rannsóknarinnar er að greina dánarorsakir, meta áhrif afráns og umhverfisþátta á lifun seiða og bæta þekkingu á snemma sjávarlífs laxastofna á Norðausturlandi.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

- f. **Titill umsóknar:** Samanburður á ónæmisglæðum fyrir bóluefni gegn sumarexemi í hestum.

Tilgangur tilraunar: Rannsókn þar sem bornir eru saman mismunandi ónæmisglæðar í bóluefni gegn sumarexemi í hestum með það markmið að bæta ónæmissvar og þróa árangursríkara forvarnar- eða meðferðarbóluefni gegn sumarexemi.

Fyrir fundinn lá mat Agnesar Helgu Martin sérgreinadýralæknis á umsókninni. Fagráð veitir jákvæða umsögn. Sérþóknun: DÍS bendir á að ávallt skuli hafa í huga að dýr eru skyni gæddar verur.

- g. **Titill umsóknar:** (e.) MinTag: whale satellite tagging.

Tilgangur tilraunar: Áframhaldandi þróun og notkun nýrrar gervihnattasendamerkingar (MinTag) á hvölum í íslenskrri lögsögu. Markmið rannsóknarinnar er að afla upplýsinga um farleiðir, búsvæði, atferli og möguleg æxlunarsvæði hvala með langtímagögnum úr gervihnattasendum. Sérstök áhersla er á hrefnu og langreyði, en einnig kunna að verða merktir steypireyðir, grindhvalir, hnúfubakar og andarnefjur.

Ekki gafst tími til að fara yfir umsóknina – frestað til næsta fundar.

2. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:35. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður haldinn fimmtudaginn 25. júní 2026 kl. 10.00.